

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um flutning kirkju.**

48  
4. maí

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og að undangengum öðrum undirbúningi, veitir ráðuneytið hérmeð samkvæmt tillögum yðar, háæruverði herra, dags. 15. þ. m. og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að söfnuðurinn í Klausturhólasókn í Árnesprófastsdæmi megi flytja kirkju sína frá Klausturhólum að Stóru-Borg, með því skilyrði, að hið nýja kirkjuhús verði reist heima við bæ á Stóru-Borg en ekki utan túns.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um skiptingu Tjörneshrepps í tvö sveitarfélög.**

49  
14. júní

Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 1. þ. m., hafið þér sent ráðuneytinu erindi frá hreppsnefnd Tjörneshrepps, dags. 4. maí þ. á., um skiptingu Tjörneshrepps í tvö sveitarfélög, ásamt meðmælum sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu með því að skiptingin verði leyfð.

Út af þessu skal hérmeð samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12, 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Tjörneshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu skal skipt í tvö sveitarfélög. Skiptingin sé að landamörkum um Húsavíkurhrepp. Nyrðri hlutinn heitir Tjörneshreppur, en syðri hlutinn Reykjahreppur.

2. Til skipta skulu koma allar eignir hins núverandi Tjörneshrepps nema skólahúsið að Hallbjarnarstöðum, sem er séreign nyrðri hluta hreppsins. Fjallskilasjóðir hvors sveitarhlutans koma ekki til skipta, þar sem þeir eru þegar ákveðnir fyrir hvorn sveitarhluta.

3. Öll skipting eigna skal vera til helminga. Sömulleiðis séu helmingaskipti eftirleiðis á framfærslukostnaði núverandi þurfalinga Tjörneshrepps og öllum kröfum — framfærslukröfum sem öðrum kröfum — sem síðar kunna að koma fram á hendur hinum forna Tjörneshreppi.

4. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skal hinn nýi Tjörneshreppur kaupa eftir mati hreppsnefndar núverandi Tjörneshrepps, en hreppsnefnd Reykjahrepps skal eiga frjálsan aðgang að þeim, þó má ekki flytja þær úr Tjörneshreppi.

5. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara við n. k. áramót og skulu hinar nýkosnu hreppsnefndir framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum,